

Fundargerð 528

Miðvikudaginn 1. nóvember 2023 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Grand Hótel Reykjavík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH) formaður, Haraldur Benediktsson (HB), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH), Óli Halldórsson (ÓH), Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) og Sigurjón Þórðarson (SÞ) varamaður. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Kári Ólafsson (KÓ) lögmaður hjá BBA/Fjeldco (við dagskrárlið 7), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárliði 4-5), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína B. Óskarsdóttir boðaði forföll.

Formaður setti fund kl. 13:10 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar
2. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
3. Framlenging Brothættra byggða á Hólmavík - til afgreiðslu
4. Einskiptisúthlutun aflamarks Byggðastofnunar til Hólmavíkur - til afgreiðslu
5. Tillögur SÞ um breytingar á aflamarki Byggðastofnunar - Til afgreiðslu
6. Lánamál
 - a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b. Lánamál - til afgreiðslu
7. Uppfærsla á innra regluverki Byggðastofnunar - til afgreiðslu
 - a. Stjórnháttayfirlýsing
 - b. Siðareglur
 - c. Reglur um störf stjórnar
 - d. Stefna um mat á hæfi stjórnar og forstjóra
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

1. Áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 3. ársfjórðungs 2023 sem EHP kynnti. Allir áhættumælikvarðar eru innan markmiða skv. áhættustefnu miðað við 30. september.

Til máls tók KB.

2. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit um framfylgd starfsáætlunar og yfirlit yfir rekstur stofnunarinnar 30. september 2023 sem SEÞ kynnti. HÁ sagði frá ákvörðun um breytingu á útnefningu Íslandspósts sem alþjónustuveitanda á sviði pósthjónustu sem birt var 31. október sl.

Til máls tóku HB, AME, HP og RÞG.

3. Framlenging Brothættra byggða á Hólmavík - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstöðumanni þróunarsviðs og verkefnastjórum Brothættra byggða hjá Byggðastofnun til stjórnar, umsókn Strandabyggðar um

framlengingu á verkefninu Sterkar Strandir, ársskýrslur Sterkra Stranda 2020-2022, markmið og framtíðarsýn Sterkra Stranda og samantekt frá íbúáþingi 2020.

SEÞ kynnti minnisblaðið og þær tillögur sem þar komu fram. Um áramótin mun verkefninu Sterkar strandir ljúka. Í ljósi rekstrarstöðvunar Hólmadrangs hf. er talið mikilvægt að framlengja starfstíma verkefnisins.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk AME og SEÞ.

ÓH lagði fram eftirfarandi tillögu. „*Verkefnið Sterkar Strandir verði framlengt um eitt ár, til loka árs 2024 enda verði framhald verkefnisins skilyrt því að sveitarfélagið taki virkan þátt í verkefninu áfram á meðan á því stendur og fylgi viðfangsefnum þess eftir að því loknu.*“

Formaður bar upp tillögu ÓH og var hún samþykkt samhljóða.

4. Einskiptisúthlutun aflamarks Byggðastofnunar til Hólmavíkur - til afgreiðslu

RR kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá Strandabyggð þar sem fram kemur sú ósk við stjórn Byggðastofnunar að sveitarfélagið fái úthlutað sértækum byggðakvóta svo fljótt sem auðið er. Auk þess fylgir minnisblað starfsmanna Byggðastofnunar til aflamarksnefndar stofnunarinnar auk fundargerð aflamarksnefndar nr. 31.

RR kynnti minnisblaðið. Lagt er til að stofnunin auglýsi eftir samstarfsaðilum á Hólmavík um nýtingu á allt að 500 þorskígildistonnnum af aflamarki Byggðastofnunar á fiskveiðiárinu 2023/2024.

Til máls tóku HB, RR, SP, HKH, AME og RÞG.

Formaður bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

SP óskar bókað að hann fagni úthlutuninni ef tryggt verði að allar útgerðir, smáar sem stórar, njóti hennar.

AME sagði allar útgerðir, smáar sem stórar, geti sótt um úthlutunina, enda verði hún auglýst í samræmi við reglugerð. Það sé svo ákvörðun stjórnar, eftir greiningu starfsmanna á umsóknum, hverjir njóti úthlutunarinnar.

5. Tillögur SP um breytingar á aflamarki Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað SP með tillögum að breytingum á reglum um aflamark Byggðastofnunar sem hann kynnti.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

- Koma þarf á löndunarskyldu á byggðakvóta í brothættu byggðunum, en taka af vinnsluskyldu.
- Allur fiskur taki verð á fjálsfum markaði, þó þannig að 20% af andvirðinu renni til uppbyggingarsjóðs í viðkomandi byggðarlagi.
- Fiskvinnslur í viðkomandi sveitarfélagi hafi forgang að aflanum á 15% afslætti af meðalverði á markaði, en þá færi aðeins 5% til uppbyggingarsjóðs í byggðarlaginu.
- Skipting á milli báta í hverju byggðarlagi verði þannig að helmingur veiðiheimilda skiptist jafnt á milli báta og hinum helmingnum yrði úthlutað í samræmi við landaðan afla á síðasta ári, en jafnframt yrði gerð krafa um að meirihluti áhafnarmeðlima verði með lögheimili í viðkomandi byggð.

Til máls tóku HKH, RÞG, MaH, KB, AME og ÓH.

Formaður lagði til að forstjóri útbúi minnisblað til stjórnar þar sem lagt verði mat á tillögurnar sem komi fram í minnisblaðinu. Samþykkt samhljóða.

RR vék af fundi.

6. Lánamál

a. *Fundargerðir lánanefndar - til kynningar*

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 35/23-38/23

b. *Lánamál - til afgreiðslu*

...

7. Uppfærsla á innra regluverki Byggðastofnunar - til afgreiðslu

KÓ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggja tillögur að breytingum á stjórnháttaryfirlýsingu, siðareglum, reglum um störf stjórnar og ný stefna um mat á hæfi stjórnar og forstjóra.

HKH kynnti málið og ræddi að mikilvægt væri að ramma inn regluverk stjórnar til að viðhalda góðum stjórnarháttum. Tilgangurinn væri að fundir stjórnar væru skilvirkir og markvissir.

Til máls tóku allir stjórnarmenn auk KÓ, AME og HÁ.

RÞG og KÓ viku af fundi.

Formaður bar upp framlagða stjórnháttayfirlýsingu og var hún samþykkt. SP sat hjá.

ÓH lagði til að í 3. gr. siðareglna skuli í stað „*Starfsmenn skulu varast að þiggja gjafir...*“ standi „*Starfsmenn skulu ekki þiggja gjafir...*“

Formaður bar upp framlagðar siðareglur með ofangreindri breytingartillögu og var hún samþykkt. SP var á móti samþykkt siðareglna.

Formaður lagði til að afgreiðslu á reglum um störf stjórnar og stefnu um mat á hæfi stjórnar og forstjóra yrði frestað fram á næsta fundi og skerpt yrði á orðalagi í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

8. Önnur mál

Formaður minnti á byggðaráðstefnuna sem yrði í Reykjanesbæ 2. nóvember nk.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður 24. nóvember nk. og verður það fjarfundur.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 16:20.

Magnús Helgason, fundarritari.

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson